



Fundargerð 79. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn föstudaginn 5. júlí 2024, kl. 08:30 á Teams.

Mætt eru: Fannar Jónasson, Friðrik Valdimar Árnason, Magnús Stefánsson, Árni Sigfússon, Kjartan Már Kjartansson, Arnbjörn Ólafsson, Hanna María Kristjánsdóttir og Jóhann Snorri Sigurbergsson.

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð), Púriður H. Aradóttir Braun og Sigrún Svafa Ólafsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. European Geoparks Conference 2024 – Reykjanes Geopark

Upplýst um stöðu verkefna í undirbúningi fyrir 17. ráðstefnu evrópskra jarðvanga sem haldin verður á Reykjanesi í október 2024. Einnig var fjallað um næstu skref og mikilvægi þess að starfsmenn stofnaðila og sveitarfélaga, sveitastjórnarmenn og skólafólk taki þátt í ráðstefnunni. Þátttaka þessara aðila er mikilvægur þáttur í kynningu á Reykjanes jarðvangi fyrir heimafólki og hagsmunaraðilum. Þá var ákveðið að skoða þann möguleika að bjóða þessum aðilum á ráðstefnuna ef það kemur ekki verulega niður á heildarkostnaði ráðstefnunnar.

Verkefnastjóri mun halda stjórn upplýstri um framgang verkefnisins og ljúka við að setja saman tímalínu og kynningarefni fyrir stjórn.

2. Evrópuverkefni samþykkt

Erasmus+ KA2 verkefnið Youthtrails var samþykkt af Rannís/landsskrifstofu Erasmus+. Verkefnið hefst haustið 2024. Reykjanes Geopark er umsóknaraðili verkefnisins og samstarfsaðilar eru frá Ítalíu, Grikklandi, Portúgal, Slóveníu og Spáni. Styrkur að hámarki 250.000 EUR.

Styrkurinn mun koma til með að fjármagna verkefnið að fullu, alla umsjón, vinnuframlag og afurðir verkefnisins.

3. Önnur mál

- Kynningarfundur vegna innleiðingu UNESCO skóla á Reykjanesi fer fram í Hljómahöll 4. september kl. 14-16. Kynnt nánar síðar.
- Nýtt fuglaskoðunarkort, göngu- og útivistarkort og brúarskírteini eru komin úr prentun og eru í dreifingu.
- Reykjanesbók nr. 2 er í vinnslu og stefnt að því að kynna nánar fyrir stjórn í ágúst.
- HS Orka hyggst setja upp sýningu í tengslum við 50 ára afmæli Hitaveitu Suðurnesja í sumar. Áætlað er að setja sýninguna upp í Gryfjunni í Duus-húsum og mun sýning jarðvangsins víkja á meðan á sýningartíma stendur.
- **Næsti fundur stjórnar verður haldinn 16. ágúst kl. 08:30**

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 09:15